



Samráðshópur málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi

Fundargerð.

9. fundur samráðshóps málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, fimmtudaginn 17. feb. 25 kl. 12.15 e.h.

Fundinn sátu:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir

Þorkell Gunnarsson

Kristín Karólína Karlsdóttir

Fjarverandi var: Sigríður Birna Guðjónsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Mál. – Sæluferð á vegum sveitarfélagsins

Ræddir voru möguleikar varðandi skipulag sæluferða ársins og framtíðaráform í ljósi stofnunar Félags eldri borgara í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Bókun:

Samráðshópur samþykkir að bóka ferð á Geysi fyrir einstaklinga 67 ára og eldri, með vísan til þess að fyrirhugað var að halda ferðina áður en hugmyndir um stofnun Félags eldri borgara komu til umræðu.

Hópurinn samþykkir einróma að þetta verði síðasta sæluferð á vegum sveitarfélagsins í núverandi mynd. Jafnframt leggur hópurinn til að styrkur sveitarfélagsins til Félags eldri borgara verði að fjárhæð sem samsvarar kostnaði sæluferðar þessa árs, þannig að félagið geti áfram skipulagt starfsemi sína á sömu forsendum í framtíðinni.

2. Mál. Félag eldri borgara(60+)

Tekin var umræða um mikilvægi þess að tryggja góða mætingu á stofnfund félagsins og að kynna fundinn vel.

Bókun:

Lagt er áhersla á að félagið verði starfrækt undir formerkjum 60+ í stað þess að bera heitið Félag eldri borgara. Markmiðið er að ná til breiðari aldurshóps og hvetja sem flesta til þátttöku.

3. Mál - tölvunámskeið

Samráðshópurinn áherslu að ná fram tölvunámskeiði á þessu ári til efla upplýsingatækni eldri borgara. Tekið sérstaklega fram varðandi island.is, heilsuveru og netöryggi. Umræður teknar varðandi uppsetningu á námskeiði.

Bókun:

Samráðshópur leggur til að starfsmaður sveitarfélagsins kanni möguleika á námskeiðshaldi fyrir þennan aldurshóp og leggur áherslu á tvískiptu námskeiði fyrir bæði Apple tæki og android/PC tæki.



Samráðshópur málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi

4. Mál - Önnur mál.

- **Gönguferðir sumarsins**

Rætt var um skipulag gönguferða sumarsins, með áform um að hefja ferðir í maí með léttari göngum. Tillaga liggur fyrir um að hefja göngurnar á Snæfoksstöðum, en Kaldárhöfði er á dagskrá í júlí. Enn vantar tillögur fyrir júní, ágúst og september.

Mögulegar gönguleiðir sem ræddar voru:

- Mosfellið
- Kiðjaberg
- Hestfjall
- Hesteyru
- Gamli vegurinn við Kerhól (Hólaskarð)

Bókun:

Lagt er til að skipuleggja göngurnar nánar á næsta fundi.

- **Heilsuganga í yndisskóginum**

Lagt var til að halda vikulega heilsugöngu í yndisskóginum, undir leiðsögn heilsu- og tómstundafulltrúa. Gangan yrði haldin einu sinni í viku, á miðvikudögum kl. 11:00, og stefnt er að því að hefja hana fljótlega.

Bókun:

Óttar Guðlaugsson mun kynna þetta á stofnfundi 60+ og setja tilkynningu á samfélagsmiðla til að auglýsa viðburðinn.

Ekki fleira var rætt á fundi og honum slitið kl 14:05 e.h.